

Nd.

276. Frumvarp til laga

[29. mál]

um heimild fyrir ríkisstjórnina að ábyrgjast allt að 2 250 000 króna lán til útgerðarmanna, sem stunduðu sildveiðar sumarið 1949, o. fl.

(Eftir 3. umr. í Ed.)

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að ábyrgjast bráðabirgðalán, er Landsbanki Íslands og Útvegsbanki Íslands h/f veittu, til þeirra útgerðarmanna, er sildveiðar stunduðu sumarið 1949.

2. gr.

Enn fremur er ríkisstjórninni heimilt að ábyrgjast bráðabirgðalán til að leysa sjóveð af bátum, er stunduðu fiskveiðar við Grænland sumarið 1949, enda sé jafnframt tryggt, að þeir gangi til fiskveiða hér við land á yfirstandandi vertíð.

3. gr.

Samanlögð ábyrgð ríkissjóðs vegna þessara lánveitinga má ekki fara fram úr kr. 2 250 000.00.

4. gr.

Taka skal á fjárlög fyrir 1950 fjárveitingu til endurgreiðslu lánanna, er samsvari því, sem ógreitt er af þeim 31. jan. það ár.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.